

## Ferð til Napólí 8. til 21. júní 1986

Halldór Ólafsson

*Suðurbraut 2, 220 Hafnarfjörður, hallo@hi.is*

Tilgangur ferðarinnar var að setja niður tvo síritandi hallamæla við bæinn Pozzuoli, útborg Napólí, að ósk Osservatorio Vesuviano en svo nefnist eldfjallarannsóknastöð Napólíbúa. Félagar mínir í þessari ferð voru raftæknifræðingarnir Eggert Ólafsson og Hörður Halldórsson.

Land undir Pozzuoli hafði risið undanfarin ár og nú vildu menn mæla landrисиð með tækni sem þróuð var í Kröflueldum 1975–1984. Pozzuoli stendur í miðri öskju eldstöðvarinnar Campi Flegreii, sem myndaðist að mestu í ofurgosi fyrir um 39000 árum en síðasta stórgos varð fyrir um 12500 árum. Talið var líklegt kvikusöfnun undir öskjunni mætti meta með hallamælingum en lóðréttar jarðskorpuhreyfingar í Campi Flegreii hafa verið miklar í aldanna rás. Þegar fjallið Monte Nuovo (Nýjafjall) myndaðist árið 1538 á norðurbrún sigketilsins varð svo mikið landsig við Pozzuoli að 1600 ára gamalt markaðstorg seig undir sjávarmál. Vegna landrisins undanfarnar aldir kom þetta torg undan sjó í lok 18. aldar en þá lokaðist einnig hin forna rómverska höfn Avernus (Avernovatn), sem er yfir rismiðjunni um 4 km vestur af miðbæ Pozzuoli. Við vestanvert Avernovatn eru veggöng frá Rómartímanum, sem voru í notkun fram í síðari heimsstyrjöld. Göngin, sem eru talin fyrstu veggöng veraldar, voru flutningaleið frá höfninni og var breiddin miðuð við rómverska vagna. Þessi göng, „Cocceio“, eru í umsjá fornminjavarðar Ítala og þurfti því leyfi til að fara um þau. Eysteinn Tryggvason jarðeðlisfræðingur og Eggert Ólafsson höfðu valið göngin fyrir annan hallamælinn í janúar 1986. Hinn mælistaðurinn var í niðurgrafinni aflagðri olfubirgðastöð, „Deposito Marina“, um 2 km norðvestan rismiðju og því ákjósanleg fyrir hallamæli, steyp t í hól og gólf og 20 m undir yfirborði. Mælistaðurinn var í þröngu

herbergi, 2x5 m, með 50 sm þykkum steinsteyptum veggjum. Þarna höfðu dælur stöðvarinnar verið og þaðan lágu 20 tommu olíurör um þröng göng í allar áttir. Þetta völundarhús er frá Mussolini-tímanum og var greinilega byggt til að þola bombur og önnur drápstæki seinna stríðs.

Ferðin hófst þegar vinnufélagi okkar Karl Grönvold ók okkur til Keflavíkur sunnudagsmorguninn 8. júní. Mæting í flug var kl. 06:45 og brottför klukkutíma síðar. Við urðum að láta tollskoða öll tæki, sem áttu að koma aftur inn í landið. Hörður talaði við tollþjóna en við Eggert fórum með annan farangur og skráðum okkur inn. Vandræði komu upp þegar Hörður ætlaði að opna einn kassann því ekki fannst að honum lykill. Þetta fékk mikið á Hörð, sem kom æðandi til okkar náfölnur og spurði heldur hávær hvar í fjandanum lykill að tölvukistunni væri. Mér hafði aðeins verið trúað fyrir lykli að hallamælakössum og Eggert hafði engin lykjavöld svo böndin bárust að Herði sjálfum. Hann róaðist þegar ég sló upp lásinn á kistunni svo tollverðirnir gætu sinnt sínu verki. Ég dró svo upp annan lás og læsti kistunni eftir tollskoðun og samskipti okkar féllu í ljúfa löð.

Vegna hálf tíma seinkunar frá Keflavík hafði flugstjórinn að okkar beiðni samband við SAS á Kasturflugvelli og það um að farmiðar okkar til Ítalíu yrðu tilbúnir við lendingu. Allt stóð það, miðarnir með Alitalia til Rómar tilbúnir og við náðum vélinni seinastir allra eftir hraðgöngu um ranghala flughafnarinnar.

Frá Kastrup var flogið kl. 14:05 í dumbungi og litlu skyggni. Okkur þótti farkostur Alitalia snöggum verri en Flugleiðavélin sem við komum með en allur viðurgjörningur betri, rauðvín með mat og frítt kaffi og konfak á eftir. Þarna vorum við innan um káta